



Samband ungra Sjálfstæðismanna, bréf

Bjarni Benediktsson – Samband ungra Sjálfstæðismanna, bréf

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SAMBAND
UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA
VARÐARHÚSINU

P. O. BOX 86

REYKJAVÍK, 19

Starfsemi Sjálfstæðismanna hér í höfuðstaðnum hefir í vetur, auk venjulegrar félagsstarfsemi, að langmestu leyti gengið út á það að koma fjármálum flokksins á tryggari grundvöll, en verið hefir. Hefir einkum verið unnið að því að fá miklu fleiri, en áður til að leggja eitthvað af mörkum til flokksins þarfa. Við það vinnst tvennt. Fyrst og fremst að flokkurinn fær meira fé til umráða en áður, og enn fremur hitt að hann kemst í nánara samband við áhugasama flokksmenn en áður var. Málum þessum er nú svo skipað, að sérstakt fjármálaráð hefir verið stofnsett, og er fjármálaráðinu ætlað að annast um alla fjáröflun flokksins og hafa á höndum greiðslur í hans þágu í samráði við miðstjórn. Enn þá er þó starfsemi fjármálaráðs að mestu takmörkuð við Reykjavík. Í fjármálaráðinu eiga sæti 5 menn og má sérstaklega geta þess hér, að miðstjórnin hefir skipað í það tvo af þeim, sem standa fremst í fylkingu ungra Sjálfstæðismanna, sem sé þá alþingismennina Thor Thors og Gunnar Thoroddsen, og hefir sá fyrnefndi verið kjörinn formaður ráðsins. Búast má við að fjármálaráðið muni innan skamms snúa sér til félaga úti á landi um samstarf. Væntir Sambandsstjórnin þess fastlega, að ungir sjálfstæðismenn bregðist þá vel við og liggi ekki á liði sínu, því að öllum má vera það ljóst, að góður fjárhagur er undirstaða velgengni flokksins og þar með þjóðarinnar.

Þá má og geta þess að flokksráðið hefir starfað frá því í haust og heldur reglulega fundi, þar sem mál flokksins eru rædd og ákvarðanir teknar.

sem æskulýðinn varða, má sérstaklega nefna frumvarp Sjálfstæðismanna um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna.

Langmestar umræður hafa orðið um frumvarp socialista, varðandi h/f Kveldúlf. Hefir ofsóknaræði rauðu flokkanna gegn formanni Sjálfstæðisflokksins og fjölskyldu hans þar með náð hámarki sínu. Hinum herfilega málstað socialistanna þarf ekki að lýsa hér, þar sem hann er nægilega kunnur af útvarpsumræðunum og blaðaskrifum. Öfgalaust má fullyrða að þótt socialistar hafi í þessu máli greitt fyrir samfylkingunni við kommunista, þá hafa þeir stórtapað á því hér í þænum. Er það allra manna mál, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aldrei verið sterkari hér í bæ, en hann er nú.

Enn sem komið er, er ekki gott að segja hverjar verða afleiðingar af ósigri socialistanna í máli þessu. Allar líkur benda þó til þess, að þing verði rofið, þar sem socialistar munu sjá sig knúaðan til, að láta ráðherra sinn, Harald Guðmundsson, segja af sér. Með því rætist það, sem Sjálfstæðismenn hafa sagt fyrir frá því í haust að stjórnarflokkarnir mundu segja skilið með sér í vor og ganga til kosninga í sumar. Ríður því mikið á því að allir Sjálfstæðismenn, jafnt ungir sem gamlir, herði baráttuna, því að undir úrslitum kosninganna mun heill landsins verða komin.

Ef til kosninga kemur mun Sambandsstjórnin leitast við að gæta hagsmuna ungra manna gagnvart miðstjórn og flokksráði. Meðal annars mun hún vinna að því að ungir Sjálfstæðismenn verði sem víðast í kjöri. Um þessi efni mun Sambandsstjórnin setja sig í sambandi við félögin strax og eitthvað ákveðið liggur fyrir, en nu þegar vill sambandsstjórnin beina því til félaganna, að þau athugi gaungæfilega á hvaða mál helst bæri að leggja áherslu við kosningarnar, og hvaða tillögur þau hafi að gera um framboð og annað slíkt, sem þau telja máli skifta. Er æskilegt að félögin láti sem fyrst uppi álit sitt við sambandsstjórnina í máli þessu.

Formaður Sambandsstjórnar hefir á ferðum sínum um landið átt

Jafnhliða þessu hefir ~~þ~~ verið unnið að því að bæta enn blaðakost flokksins frá því, sem verið hefir. Má í því sambandi geta þess sérstaklega, að dagblaðið Vísir hefir verið eftt að ýmsu leyti, og útgáfu þess komið á öruggan fjárhagslegan grundvöll, en formaður sambandsstjórnar hefir átt mikinn þátt í því starfi. Ungir Sjálfstæðismenn eiga nú greiðan aðgang að blaðinu með greinar sínar. Þá má heldur ekki gleyma hinu að Morgunblaðið hefir látið ungum Sjálfstæðismönnum eftir sérstakt rúm fyrir ritsmíðar þeirra, fréttir af félögum o. s. frv. Hefir það verið minna notað en skyldi og vill Sambandsstjórn eindregið beina því til félaga úti á landi að þeir láti blöðunum í té fréttir af félagastarfsemi og greinir um stjórnsmál. Slíkar greinar má senda annaðhvort til blaðanna sjálfra eða til Sambandsstjórnarinnar, sem kemur þeim þá á framfæri.

Að félagsstarfsemi hafa ungir Sjálfstæðismenn vitanlega langmest unnið í Heimdalli. Strafsemi félagsins hefir verið með langfjörugasta móti í vetur, þótt ~~samkomubannið~~ samkomubannið hafi hindrað félagsfundir í marsmánuði. Í febrúar var 10 ára afmæli félagsins haldið hátíðlegt með ýmsu móti. Fóru þau hátíðahöld fram með hinni mestu þrýði og stórjókst félagatalan um þær mundir. Andstæðingarnir sáu mjög ofsjónum yfir velgengni félagsins, og hófu hinir lítilmótlegustu þeirra því sérstaka ~~xx~~ herferð gegn félaginu í sambandi við afmælishátíðina. Vitanlega gátu þeir þó þar ekki á borð borið annað en róg og einkisnýt ósannindi, sem ekki þótti ástæða til að elta ólar við.

Heimdallur gaf út minningarrit, sem er ritað af formanni flokksins og ýmsum áhugasömum ungum mönnum. Ljúka allir upp einum munni um að þetta sé hið þrýðilegasta rit og ungum Sjálfstæðismönnum til mikils sóma. Sambandsstjórnin mun hlutast til um að félögunum verði sent ritið, og treystir hún þeim til að útbreiða það sem mest.

Um stjórnsmálaástandið í landinu er að svo komnu máli ekki mikið að segja. Á Alþingi hafa enn ekki gerst nein stórtíðindi. Ýms frumvörp hafa verið borin fram, en merkast þeirra er vafalaust frumvarp um vinnulöggjöf, sem Sjálfstæðismenn hafa flutt. Af málum,

tal við allmörg félög og forystu menn þeirra um starfsemina, og hefir af þeim sökum orðið minna um bréfaskriftir en ella. Hann mun heimsækja ýms félög á árinu síðar, en auk þess leggur Sambandsstjórnin mikla áherslu á , að í vor og sumar verði sem flest félög heimsótt og haldnir með þeim fundir, en hvernig þeim fundahöldum verður hagað er ekki endanlega ákveðið, en félögin verða látin vita um það með hæfilegum fyrirvara. Sambandsstjórnin heitir á alla félagsstjórnir úti um land að setja sig í samband við Sambandsstjórnina, skýra frá starfsemi félaganna og fyrirætlunum, politisku ástandi í kaupstöðum og sýslum þeim sem nærliggjandi eru, og reyna fyrir hvern mun að efla starfið svo sem frekast er unnt. Væntum við svars frá félögunum með fyrstu ferðum er falla, og vonum að þau verði öll við þessum tilmælum okkar.

Við sjáum ekki ástæðu til að fjölyrða frekar að sinni um unnin störf og væntanleg, en óskum ykkur allra heilla og góðs árangurs í starfi ykkar.

Með félagakveðju.

F. h. Stjórnar Sambands ungra Sjálfstæðismanna